



Formannafundur AKÍS

5. nóvember 2016

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn í Fundarsal ÍSÍ laugardaginn 5. nóvember 2016 kl.10:00.

1. Fundur settur

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Tryggvi lagði til að hann yrði fundarstjóri og Þrándur Arnþórsson fundarritari. Tryggvi spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Það var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Góðir fundarmenn

Á starfsárinu 2016 voru skráðar 60 keppnir - svo til allar haldnar - og er þetta aukning um um það bil 8% frá árinu áður.

Sala keppnisskírteina var með sama sniði og áður, að greitt er fyrir hverja keppni, þó er það svo að skuldbindingar keppenda gilda út allt árið, eins og um *ársskírteini* væri að ræða. Það á eftir að finna út endanlega tölu keppnisskírteina.

Unnið var við nýtt skráningarkerfi fyrir keppendur, sem átti að vera tilbúið fyrir keppnistímabilið. Staðreyndin var sú að það var tilbúið seint á tímabilinu og lauk vinnu við þennan hluta rétt í fyrir lok tímabilsins. Á næsta ári munu allar skráningar verða gegnum þetta kerfi.

Ekki hefur verið rætt um það í stjórn hvort verð á keppnisskírteinum haldist óbreytt eða hvort því verði breytt á næsta ársþingi.

Færri alþjóðleg keppnisskírteini voru gefin út á árinu, sem virðist gefa til kynna að íslenskir keppendur eru ekki að keppa þar sem slíkra keppnisskírteina er krafist. Þess má geta að flestar keppnir í Evrópu - og jafnvel víðar - leyfa að notast sé við gilt keppnisskírteini frá viðkomandi landi og vera má að það hafi verið svo í ár.

Ég vonast þó til þess að á næsta eða næstu árum munum við eignast keppendur í akstursíþróttum sem taka þátt í alþjóðlegum mótardöum.

Sú vinna í tryggingarmálum sem hófst í framhaldi af ársþingi AKÍS 2015 hefur haldið áfram. Eftir skoðun á umferðarlögum og ferli þeirra gegnum Alþingi kom í ljós að það var vilji löggjafans að tryggingar ökutækja í akstursíþróttum væru ekki undir almennum ökutækjatrýggingum. Textinn sem heimilar þetta í 34. gr. laga nr. 50 frá 1987 er einfaldur en virðist torskilinn. Afleiðing þess er sú að reglugerðir sem gefnar hafa verið út um akstursíþróttir hafa ekki tekið á þessu með óyggjandi hætti.

AKÍS hefur lagt í vinnu við að endurgera eða lagfæra reglugerð um akstursíþróttir, en enn sem komið er, er lokatexti ekki tilbúinn. Þá verður að viðurkennast alveg eins og er að samskipti við Samgöngustofu ganga hægt fyrir sig. Helsta breyting á reglugerðinni, gagnvart ökutækjatrýggingum, yrði sú að um leið og til dæmis rallibíreið þyrfti sérstaka tryggingu gagnvart þriðja aðila sem þyrfti að sýna fram á eða að keppnishaldari gæti selt keppenda. Þá ætti hið

sama við um er bifreið kæmi á akstursbraut og vildi taka þátt í einhverju þar - hún þyrfti að sýna fram á tryggingu gagnvart þriðja aðila eða að brautareigandi gæti selt viðkomandi nauðsynlega tryggingu.

Þá hefur Þórður Bragason verið að skoða almennar tryggingar keppenda og hvort að hægt væri að hafa slysatryggingar keppenda innifaldar í keppnisskírteinum. Hann mun koma hér á eftir og ræða þessi mál.

Áfram mun haldið að skoða þessi mál, en verið gæti að dómur sem féll fyrir nokkru síðan í Evrópuþómstólum geti haft áhrif á keppnistryggingar í allri Evrópu - einnig hérlendis.

Formaður ásamt forráðamönnum Bílklúbbs Akureyrar hittu forráðamenn Akureyrar- bæjar í byrjun sumars og var það í mörgu góður fundur. Þessi fundur var, eins og aðrir fundir með forsvarsmönnum bæjarfélaga til að veita upplýsingar.

Þá fóru formaður, formaður Bifreiðaþróttaklúbbs Reykjavíkur og framkvæmdastjóri á fund með sveitarfélagsmönnum frá Rangárfingi Ytra (Hellu) þar sem rætt var um nýtingu vega í umsjón sveitarfélagsins. Kom ýmistlegt okkur á óvart sem þar kom fram, en samræður við þá halda áfram.

Opinber þátttaka AKÍS í ráðum og nefndum á vegum ríkisins er í gegnum Umferðarfrádráð, en eftir að formaður og varaformaður þess sögðu af sér þá hefur enginn fundur verið haldinn í því og svo virðist sem það sé með öllu dautt.

Á nýju ári kom staðfesting á því að umsókn okkar til FIA um aðstoð við brautarúttektir hafi verið samþykkt. Unnið hefur verið í þessu verki og mun því haldið áfram nú í vetur og stefnt er að lúkningu fyrir næsta keppnistímabil. Þetta er mikil vinna sem að mestu fer fram með gerð teikninga af svæðum og úttekt teikninga af FIA.

Á því keppnistímabilinu voru lög og reglur AKÍS hvað varðar kæru og áfrýjunarmál reynd og kom í ljós að gera þarf breytingar á því regluumhverfi. Fyrstu tillögur þess efnis fylgja með í gögnum þessa fundar, en gætu tekið breytingum fyrir ársþing AKÍS 2017. Þessar breytingar eru unnar með aðstoð ÍSÍ og reynslubolta þar.

Helstu breytingarnar eru þær að sett verða upp tvö dómsstig og er dómnefnd keppna fyrra dómsstigið og áfrýjunardómstóll hið síðara. Þetta þýðir að hlutverk dómnefnda í keppnum er afar mikilvægt.

Slys varð á torfæru á Akranesi sem beindi ljósi okkar að málefnum ljósmyndara, en þeim hefur verið gefinn möguleiki á því að vera innan banda til að taka ljósmyndir. Í framhaldi af því þá var gerð uppkast að yfirlýsingu sem keppnishaldarar geta notað til að myndatökufólk geri sér grein fyrir umhverfinu. Auk þess var gert uppkast að reglum fyrir fjölmíðlafólk. Hvoru tveggja er hér meðfylgjandi í gögnum fundarins.

Vegna hegðunar á bíladögum á Akureyri í ár voru nokkrir keppendur kærðir til Aga- og úrskurðarnefndar AKÍS, sem birta mun, að líkindum dóm sinn í næstu viku. Er það í fyrsta sinn er slíkt gerist.

Síðla sumars var umræða um hvort AKÍS ætti að setja síðareglur um samskipti á samfélagsmiðlum, hvaða nafni sem þeir nefndast. Meðfylgjandi í fundargögnum er uppkast að því sem lagt verður fyrir ársþing AKÍS 2017, en textinn gæti breytst eitthvað fram að því. Fram hefur komið í samræðum við önnur íþróttasambönd innan ÍSÍ og systursambönd okkar erlendis, að mikil nauðsyn hafi verið á slíku

Umhverfisstefna AKÍS og aðildarfélaga þess hefur ekki verið mikið til umræðu á þessu keppnistímabili, en nauðsynlegt er að halda henni á lofti. Framkvæmdastjóri hefur athugað hvernig við gætum reiknað hvað við þyrftum til að kolefnisjafna starfsemina, en mismunandi er fyrir hverja grein hvernig það er gert.

Þær tillögur að vinnureglum sem við settum fram á síðasta ársþingi mynda grunn sem gerir okkur kleift, ef við kjósum að gera það, að fá lægstu viðurkenningu FIA á umhverfisstefnu okkar. Mun það skoðað í vetur.

Ég vil hvetja alla klúbba sem hyggja að því að gróðursetja eitthvað á félagssvæði sínu, hvort heldur það er gras eða tré eða runnar, að setja það allt í gegnum kolefnisjöfuð og sýna það sérstaklega í bókum félaganna.

Í byrjun október síðastliðinn hélt FIA - Women in motorsport ráðstefnu í Portúgal þar sem Katrín María Andrésdóttir var fulltrúi Íslands. Mikil áhersla er lögð á konur í akstursíþróttum innan FIA og ýmis athyglisverð tölfræði kom fram á ráðstefnunni og góðar hugmyndir. Katrín María mun fara betur yfir þetta rétt eftir hádegishlé nú í dag.

AKÍS tók þátt í starfi NEZ á árinu. Hingað til hafa lítil sem engin samskipti verið milli nefnda NEZ og fulltrúa AKÍS, hverju svo sem það sætir, utan rally og torfæra. Í ár tók AKÍS þátt í starfi allra nefnda NEZ er hittust á haustfundinum í Oslo. Ég held að þau tengsl sem þar mynduðust hafi verið mikilvægt og vonandi komi okkur til góða í framtíðinni.

Á FIA North European Sport Conference haldið í Oslo um síðustu helgi, þá var farið yfir meðal annars búnað ökumanna. Hér sem hluti af fundargögnum er samanburður á öryggisbúnaði ökumanna. Kom fram að á meðan þessi

búnaður (galli, hjálmur, undirfatnaður, skór, hanskar og FHR (HANS/Hybrid)) er hreinn og óhnjaskaður þá er í lagi að nota hann. Það er því ekki gilditími á þessum hlutum, svo fremi þeir hafi rétta staðlamerkingu frá FIA.

Þá var einnig kynning á Race True átaki FIA, sem er barátta þeirra gegn lyfjamisnotkun í akstursípróttum. Hér með í fundargögnum er bæklingur sem til stendur að þýða á íslensku út.

Þau ánægjulegu tíðindi gerðust á árinu að torfærumönnum var boðið til Goodwood festival of speed. Sýndur þeir listir sínar og getu þar, en segja verður að brautin sem þeir höfðu var ekki mjög krefjandi. Spurning er hvort af þessu verði aftur, en Goodwood FoS er afar stór ökutækjasýning þar sem öllu ægir saman, fortíð, nútíð og framtíð. Tækni og einfaldleika, keppni og akstri. Áætlað var að um nærfellt 150þús manns hefðu komið þangað í ár.

Þá gerðist það að torfæruökumenn fóru með ökutæki sín til Bandaríkjanna og var haldin þar sýning á íslenski torfæru. Sömuleiðis var haldin keppni þar sem brautarreglur í torfæru voru notaðar og þarlendum ökumönnum boðin þátttaka, en ökutæki þeirra hefðu ekki staðist öryggiskoðun samkvæmt reglum okkar um torfæru. Það voru AKÍS vonbrigði að það skyldi gert án fulltingis þess og undir merkjum FIA, en þetta var skipulagt af Bandarísku fyrir ásamt þarlendum aðilum. Samkvæmt því sem AKÍS hefur frétt þá mun framhald á þessu.

Tvær nýjar akstursípróttagreinar eru á borðinu hjá FIA, þó svo að búið sé að keppa í báðum í lengri tíma, það er *cross car* og *drift*. Cross car er buggy fyrir rally cross sem þó er hægt að aka á malarbraut aðeins. Sama grind og yfirbygging er notuð frá 8 ára aldri - hið eina sem breytist er vélarstærð. Kannski eitthvað sem við ættum að skoða. Drift þekkjum við vel og þarf ekki að fjalla nánar um það. Hér frammi liggja tillögur FIA að reglum fyrir báðar keppnisgreinar.

Öryggi í aksturskeppnum þarf ávallt að vera í fyrirrúmi. Með þeim slysum sem gerst hafa, sérstaklega í rallinu, þá kemur krafa að við gerum skriflega öryggisáætlanir fyrir allar keppnir á okkar vegum - rall eða braut - skiptir ekki máli. Ég vil sérstaklega benda fundarmönnum á öryggisáætlun fyrir Ulster rally sem hér liggur frammi - hún sýnir vel hvernig ganga þarf frá slíkum áætlunum.

Á undangegnu ári hefur mikið verið fjallað um tölvuleikjakappakstur. Þetta er að fara af stað nú á næsta ári, um 6 til 9 mánuðum eftir að FIA og Sony/Polyfony áætluðu. Hins vegar þá eru aðrir komnir á fullt í þessum málum. Svíar, Norðmenn og Finnar hafa staðið fyrir slíkum keppnum. Til dæmis þá voru Norðmenn með keppni á haustmánuðum, Bilsport Online Racing Cup sem ætlaður var 14-18 ára unglingum, sem ekki höfðu keppnisskírteinni. Fyrsti vinningur var ferð á keppni á Ítalíu þar sem viðkomandi fékk að keppa í *Shortcar* keppni á Cartagena brautinni, eftir að hafa hlotið þjálfun frá Tommy Østgaard í Noregi. AKÍS hefur verið að skoða þessi mál og mun Guðmundur Höskuldsson koma hér á eftir og ræða þau.

Þau gleðilegu tíðindi bárust fyrir skemmstu að sennilega væri eitt íþróttafélag að bætast við, Akstursípróttanefnd Ungmennafélagsins Heklu - sem er staðsett á Hellu. ÍSÍ er með umsókn þeirra til umsagnar og verður AKÍS látið vita svo fljótt sem auðið er hvað sú skoðun leiddi í ljós.

FIA action for road safety - eigum við að koma að því ?

Það eru spennandi tímar framundan ...

4. Tryggingarmál

Þórður Bragason fjallaði um tryggingar keppenda og starfsmanna, en tryggingar keppnistækja eru flóknari á Íslandi vegna lagaumhverfisins.

Þórður hefur kannað hvernig hægt er að koma slysatryggingum keppenda inn í verð keppnisskírteina með svipuðum hætti og gert er í öðrum löndum í kringum okkur. Þá hefur hann einnig skoðað tryggingar keppnishaldara og starfsmanna þeirra.

Á FIA North European Sport Confernce notaði Þórður tækifærið og ræddi við fjölda fulltrúa systursamtaka AKÍS og biður nú formlegra svara frá þeim.

5. Aksturskeppnir í sýndarheimum

Guðmundur Höskuldsson kynnti hvernig hægt er að nýta tölvuleiki og herma til að læra að keppa í akstursípróttum. Sýndarveruleikagleraugu, stýri og stólar gera aksturinn afar raunverulegann. Er hægt að búa til spennandi keppnir og eigum við að taka þátt í þessu?

Guðmundur talaði um hvernig akstursípróttasambönd í öðrum löndum eru að nýta sér þessa tækni.

Við ætlum að kynna okkur betur þessa tækni og afla meiri upplýsinga.

6. Staðfesting Íslandsmeistara 2016

Eftirfarandi Íslandsmeistatitlar voru staðfestir:

Grein	Íslandsmeistari	Félag	Stig
Drift	Aron Jarl Hillers	AÍH	568
<u>Go-Kart</u>	Ragnar Skúlason	AÍH	113
<u>Rally – Aðstoðarökumenn 4X4 non turbo</u>	Einar Hermannsson	BÍKR	60
<u>Rally – Aðstoðarökumenn jeppaflokkur</u>	Magnús Þórðarson	BS	70
<u>Rally – Aðstoðarökumenn heildin</u>	Ásta Sigurðardóttir	BÍKR	70
<u>Rally – Ökumenn 4X4 non turbo</u>	Guðni Freyr Ómarsson	BA	80
<u>Rally – Ökumenn jeppaflokkur</u>	Guðmundur Snorri Sigurðsson	BS	70
<u>Rally – Ökumenn heildin</u>	Daníel Sigurðarson	BÍKR	70
<u>Rallycross – 2000 flokkur</u>	Ragnar B Gröndal	AÍFS	92
<u>Rallycross – 4WD króna</u>	Kristinn Sveinsson	AÍH	97
<u>Rallycross – Unglingaflokkur</u>	Arnar F Viðarsson	AÍH	90
<u>Rallycross – Opinn flokkur</u>	Jón B Hrólfsson	AÍFS	90
<u>Kvartmíla OF</u>	Harry Þór Hólmeirsson	KK	356
<u>Kvartmíla ST</u>	Kristófer Daníelsson	BA	230
<u>Kvartmíla TS</u>	Hilmar Jacobsen	KK	357
<u>Götuspyrna 6 cyl.</u>	Jón Friðbjörnsson	BS	317
<u>Götuspyrna 8 cyl. standard</u>	Stefán Örn Steinþórsson	BA	360
<u>Götuspyrna 4x4</u>	Sigurður Karlsson	BA	337
<u>Sandspyrna – Fólksbilar</u>	Bjarnþór Elíasson	START	384
<u>Sandspyrna – Jeppaflokkur</u>	Gunnar Helgi Steindórsson	BA	359
<u>Sandspyrna – Ofurflokkur</u>	Kristján Hafliðason	KK	364
<u>Torfæra – Götubílar</u>	Ívar Guðmundsson	TKS	87
<u>Torfæra – Sérútbúnir</u>	Snorri Þór Árnason	TKS	100

7. Keppnisdagatal 2017

Dagsetningar ákveðnar að mestu leyti og verður keppnisdagatalið gefið út eftir næsta stjórnarfund AKÍS, en beðið er dagsetninga vegna Bíladaga á Akureyri og hugsanlega torfærukeppni Start.

8. Konur og akstursípróttir - Katrín María Andrésdóttir

Katrín María Andrésdóttir kynnti Women in Motorsport (WIM) og það sem fram kom á FIA WIM ráðstefnu í Portúgal sem hún sótti á vegum AKÍS í byrjun október 2016. Þar kom fram margt áhugavert, ekki síst ýmist tölfræði um efnið ásamt því hvernig mögulegt er að auka hlut kvenna í akstursípróttum hérlendis.

Katrín varpaði fram þeirri spurningu hvort raunverulegur áhugi væri á að fjölga konum í akstursípróttum á Íslandi og benti um leið á að það gerðist ekki af sjálfu sér. Vilji til aðgerða þarf að vera til staðar og benti hún á að einfaldast væri að stofna vinnuhóp sem hún gæti leitt fyrstu skrefin allavega.

Í framhaldinu var ákveðið að óska eftir tilnefningum frá klúbbum í vinnuhóp um málefnið sem ætti að skila af sér aðgerðaáætlun / verkefnum fyrir ársfund AKÍS 2017.

9. Akstursípróttamenn ársins - karl og kona valin

Fundarmenn kusu akstursípróttakonu og akstursípróttamann og úrslit kosninga urðu:

Konur:	Ásta Sigurðardóttir	BÍKR
Karlar:	Aron Jarl Hillers	AÍH

10. Almennar keppnisreglur AKÍS 2017

Farið var yfir breytingartillögur stjórnar á keppnisreglum sem verða lagðar fyrir ársþing AKÍS 2017. Fundarmenn voru upplýstir um að ekki væri búið að ganga endanlega frá textum um dómstig AKÍS, sem verða tvö á næsta keppnistímabili. Breytingin kallar á lagfæringar og viðbætur á lögum og reglum AKÍS.

11. Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram

Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram og samþykktar.

FIA hefur í fyrsta sinn gefið út reglur um drift og er því líklegt að drift reglur koma til með að þróast mikið á næstu tveimur árum.

12. Mál lögð fyrir formannafund 2016

Reglur fyrir fjölmiðlafólk ásamt myndatökuyfirlýsingu

Farið var yfir og samþykktar reglur fyrir fjölmiðlafólk ásamt sniðmáti að yfirlýsingu þar sem keppnishaldarar gefa myndatökufólki sérstakt leyfi til að fara inn á annars lokuð öryggissvæði.

Reglur um keppnisráð

Samþykktar breytingar á reglum um keppnisráð.

Siðareglur fyrir samfélagsmiðla

Samþykktar nýjar reglur um notkun samfélagsmiðla.

Frontal Head Restraint (FHR)

Samþykkt var að skylda yrði að vera með Frontal Head Restraint búnað (HANS / Hybrid) frá og með 1. janúar 2018.

Afar æskilegt er að keppendur bregði skjótt við og taki upp slíkan búnað svo fljótt sem auðið er, því öryggi sem hann veitir er óumdeilt eins og sést á þessu myndbandi.



Gildistími búnaðar

Í ljós hefur komið að sé búnaður keppenda (hjálmur, galli, undirföt, hanskar, sokkar og skór) samkvæmt ákveðnum stöðlum FIA fellur hann ekki úr gildi.

Akstursíþróttadeild UMF Heklu

ÍSÍ hefur borist bréf frá stjórn UMF Heklu um stofnun akstursíþróttadeildar og ósk hennar að deildin verði hluti af viðeigandi sérsamböndum.

13. Önnur mál

Engin önnur mál.

Formannafundi slitið um kl. 15:00

Viðauki A: Mæting

Jón Bjarni Jónsson	KK og í stjórn AKÍS
Sigurður Gunnar Sigurðsson	AÍH og í stjórn AKÍS
Guðni Jónsson	Stimpill
Ólafur Bragi Jónsson	Start
Arnar Már Pétursson	AÍH
Gunnar Bjarnason	AÍH
Kári Rafn Þorbergsson	FBSH
Jón Rúnar Rafnsson	BA og í varastjórn AKÍS
Stefán Örn Steinþórsson	BA
Einar Gunnlaugsson	BA og í stjórn AKÍS
Sigurjón Andersen	KK
Ragnar B. Gröndal	AÍFS
Andri M. Stefánsson	AÍFS
Baldur Haraldsson	gestur (BS)
Katrín María Andréadóttir	gestur (BS)
Ragnar Róbertsson	AKÍS
Tryggvi M. Þórðarson	AKÍS
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS og í stjórn AKÍS
Þrándur Arnþórsson	AKÍS